

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



Umhverfis-
og orkustofnun

Dags eftirlits	24.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hólmastlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725312,177 512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu þess efnis að sjálfvirk lokun á olíuskilju virkaði ekki sem skyldi þegar skiljan fylltist af óútskýrðum ástæðum þann 28. apríl 2025.

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í olíubirgðastöð Olíudreifingar, Reyðarfirði

Olíudreifing, Reyðarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 31. janúar 2027.

Eftirlitið var tvískipt, annars vegar fundur sem var haldinn 7. maí og hins vegar skoðunarferð sem fór fram 24. september. Umfangið var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar og staðan frá síðasta eftirliti
2. Innra eftirlit og vöktun (Kafli 4 í starfsleyfi)
3. Tryggingaskírteini
4. Útistandandi frávik ef einhver eru
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Umfang starfseminnar og staðan frá síðasta eftirliti

Í síðasta eftirliti, árið 2023, voru settar fram tvær ábendingar. Ekki er tilefni til eftirfylgni með þeim. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti.

Þann 28. apríl 2025 barst Umhverfis- og orkustofnun ábending um olíu í sjónum við geyma rekstraraðila. Í ljós kom að önnur olíugildran var yfirfull og að sjálfvirka lokunin hafði ekki virkað sem skyldi og er það frávik frá starfsleyfi.

2. Innra eftirlit og vöktun (Kafli 4 í starfsleyfi)

Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók.

Geymar nr. 730.01.00, 730.02.00, 730.04.00 og 730.11.00 voru þykktarmældir árið 2020.

Geymar nr. 730.03.00, 740.05.00, 730.07.00, 730.08.00 og 730.09.00 voru þykktarmældir árið 2023.

Minnt er á að þrýstiprófa þarf allar niðurgrafnar olíulagnir árið 2026.

3. Tryggingaskírteini

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4. Útistandandi frávik ef einhver eru

Engin eldri frávik eru opin.

5. Önnur mál

Rætt var um að starfsleyfi rekstraraðila rennur út þann 31. janúar 2027 og nauðsyn þess að sækja um nýtt starfsleyfi á næstu mánuðum.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Mánaðarblöð voru skoðuð og eru ekki gerðar athugasemdir við þau. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni og frágang.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Frárennislagnir við þær skulu vera með lokum innan þróar sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum, eða þúar sjálfvirkum lokum fyrir olú. Sjálfvirk lokun á frárennislögn virkaði ekki þegar olúskilja fylltist þann 28. apríl 2025.


ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2026



Freyr Ávarsson